

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu um sameiningu tveggja þjóðjarða. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 15. p. m. 22. maí. samþykki jeg hjermeð að umboðsjörðin Kelduholt í Mýrahreppi sje lögð niður sem sjerstakt býli og algjörlega sameinuð við umboðsjörðina Borg í sama hreppi, að jarðarhúsin á Kelduholti sjeu felld niður, gegn því að andvirði þeirra með ofanálagi verði greitt í umboðssjóðinn og að ábúandinn á Borg Sigurður hreppstjóri Sigurðsson taki nýja byggingu fyrir hinni sameinuðu jörð, Borg og Kelduholti, og greiði í landsskuld af henni 85 álnir eptir meðalverði allra meðalverða og fullar leigur eptir 2 kúgildi.

Þetta tilkynni jeg yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um tekjuskatt af jarðarafgjöldum, sem eigi greiðast eiganda. — Bókbindari C. Finn- bogason í Galtarholti í Borgarhreppi hefir spurst fyrir um það, hvort ætlazt sje til þess í lögum um tekjuskatt 14. desember 1877 I 1. gr., að tekjuskattur sje goldinn af öðrum jarðarafgjöldum en þeim, er eigandinn í raun og veru fær greidd eptir eignir sínar, eða hvort ætlazt sje til að tekjuskattur sje goldinn af þeim jarðarafgjöldum, sem samið er um, án tillits til þess, hvort þau afgjöld í raun og veru eru greidd eigandanum eða ekki.

Eptir að hafa um málefni þetta meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra sýslumaður, í brjefi 7. p. m. skal jeg nú tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að jeg álit að svara beri ofangreindri spurningu á sama hátt og gjört er í líku tilfelli í brjefi landshöfðingja 11. jan. 1879 (Stjórnartíðindi 1879, B. 4. nr. 3) og að þessvegna beri að greiða tekjuskatt af þeim jarðarafgjöldum, sem áskilin eru, nema því aðeins að sannað sje með fjárnámstilraun eða á annan eins tryggilegan hátt, að þau hafi verið ófáanleg hjá hlutadeigandi leiguliða, og skal jeg eptir því tilefni, sem brjef yðar til þess gefur, taka fram, að jeg ekki get álitid að skattanefndirnar hafi neina heimild til að víkja frá þessari reglu.

Ferðaáætlun gufuskipsins „Camoens“, sem notað verður til póstsendinga milli Danmerkur og Íslands í lokuðum póstsekkjum.

66

Frá Granton til Íslands.			Frá Íslandi til Granton.		
Fer frá Granton.	kemur til Akureyrar	kemur til Reykjavíkur	Fer frá Reykjavík	Fer frá	kemur til Granton.
26. maí, 4 e. m.		30. maí	6. júní	{ Borðeyri 26. júní Sauðárkrók 27. júní Akureyri 28. júní Húsavík 28. júní Vopnafirði 29. júní Seyðisfirði 30. júní }	10. júní
16. júní, 1 e. m.		20. júní	23. júní		4. júlí
7. júlí, 3 e. m.		11. júlí	16. júlí		20. júlí
24. júlí, 4 e. m.	28. júlí	1. ágúst	2. ágúst		6. ágúst
9. ágúst, 4 e. m.		13. ágúst	18. ágúst		22. ágúst
25. ágúst, 4 e. m.		29. ágúst	3. septbr.		7. septbr.

Skyldi skipið hindrast frá að koma á einhverja höfn, er rjettur áskilinn til að koma þar við og setja farangur upp á síðari ferð.